



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sauðárkróki 13. mars 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skiplagsmála, samgangna og byggðamála. Þingskjal 1119, 735. mál.

Bygðastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skiplagsmála, samgangna og byggðamála. Við gildistöku frumvarpsins falla úr gildi lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015.

Markmið lagabreytingarinnar eins og það er skilgreint í 1. gr. er að ná auknum árangri á nefndum málefnasviðum og hafa jákvæð áhrif á samfélagið allt með því að efla og samhæfa stefnumótun og áætlunargerð. Þetta markmið er ítrekað í 4. gr. frumvarpsins um samhæfingu stefna. Bygðastofnun tekur undir markmið frumvarpsins en stofnunin hefur lengi talað fyrir samþættingu áætlana hins opinbera. Í því samhengi er mikilvægt að gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál haldi áfram störfum en honum er ætlað að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðastefnu og hafa virkt samráð við sveitarstjórnarstigið. Bygðastofnun telur mikilvægt að hafa formlega aðkomu að stýrihópnum og leggur til að stofnunin skipi einn fulltrúa í stýrihópinn og landshlutasamtök sveitarfélaga skipi einn áheyrnarfulltrúa.

Með lagabreytingunni er lagt til að sóknaráætlanir landshluta færist inn í sveitarstjórnarlög. Í núgildandi lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir er gert ráð fyrir að stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál styðji við gerð sóknaráætlana og samninga milli landshlutasamtaka sveitarfélaga og ráðuneyta. Það hefur m.a. falið í sér að vinna að því að sóknaráætlanir verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaáætlunar og stuðla að því að fella fleiri viðfangsefni og samninga að sóknaráætlunum og að staðfesta sóknaráætlanir landshluta og áhersluverkefni þeirra. Það byggir á því sem kom fram í greinargerð með frumvarpi um byggðaáætlun og sóknaráætlanir þar sem sagði: „Stýrihópurinn leggur til ramma um form sóknaráætlana, tryggir samræmi milli landshluta og tryggir að áætlanirnar gangi ekki gegn annarri stefnumótun ríkisins. Eftir samningsgerð milli landshlutasamtaka sveitarfélaga og ráðuneyta funda fulltrúar stýrihópsins og landshlutasamtakanna árlega um framkvæmd samninganna.“ Þá er í núverandi lögum gert ráð fyrir að Bygðastofnun og stýrihópur Stjórnarráðsins geri með sér samning um skiptingu verkefna sem snúa að mati á framvindu sóknaráætlana og eftirliti með fjárreiðum þeirra. Í frumvarpinu nú er ekki gert ráð fyrir aðkomu stýrihóps Stjórnarráðsins að sóknaráætlunum. Lagt er til að Bygðastofnun leggi mat á framvindu sóknaráætlana og hafi eftirlit með fjárreiðum þeirra. Til að tryggja áfram samþættingu opinberra stefna og sóknaráætlana landshluta leggur Bygðastofnun til að stýrihópur Stjórnarráðsins hafi áfram það hlutverk að tryggja að sóknaráætlanir gangi ekki



gegn stefnumótun ríkisins með því að staðfesta sóknaráætlanir landshluta og áhersluverkefni þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipa þrjú ráð, þ.e. samgönguráð, byggðamálaráð og húsnaðis- og skipulagsráð sem gera tillögur til ráðherra að stefnum og aðgerðaráætlunum hvert á sínu sviði. Gert er ráð fyrir að ráðin verði skipuð þremur fulltrúum, tveimur án tilnefningar og einum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hvað varðar byggðamálaráð er hér um breytingu að ræða þar sem að samkvæmt núgildandi lögum sitja forstjóri Bygðastofnunar og fulltrúi þeirrar skrifstofu innviðaráðuneytisins sem fer með byggðamál í byggðamálaráði. Þrátt fyrir að í greinargerð sé gert ráð fyrir aðkomu þessara aðila að vinnu byggðamálaráðs þykir Bygðastofnun rétt að skipun byggðamálaráðs verði óbreytt frá núgildandi lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir og tryggi þannig formlega áframhaldandi faglega aðkomu Bygðastofnunar og skrifstofu byggðamála í innviðaráðuneytinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra leggi á hverju kjörtímabili fram stefnu í hverjum málaflokki, þ.m.t. þingsályktun um byggðastefnu sbr. 3. gr. sem kemur í stað þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun í núverandi lögum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að eftir sem áður verði byggt á þeim megináherslum sem legið hafa til grundvallar áætlunum til þessa og þar tilgreint m.a. jákvæð byggðaþróun. Í núgildandi lögum eru markmið stjórnvalda í byggðamálum sérstaklega tiltekin, þar segir:

Bygðaaætlun skal hafa það að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036, sem samþykkt var samhljóða á Alþingi 15. júní 2022, byggir á þessum meginmarkmiðum. Undanfarin ár hefur verið góð samstaða á Alþingi um gerð byggðaaætlunar en áætlunin hefur verið þróuð áfram í takt við samfélagsbreytingar undir þeim meginmarkmiðum sem núgildandi lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir tilgreina. Bygðastofnun telur mikilvægt að meginmarkmið allra áætlana séu skilgreind í lögnum og leggur til að meginmarkmið byggðaaætlunar, sem verður að byggðastefnu stjórnvalda verði frumvarpið að lögum, verði óbreytt.

Virðingarfyllst
f.h. Bygðastofnunar

Arnar Már Elíasson
forstjóri